

Alþingi
Erindi nr. P 140/1236
komudagur 29. 2. 2012



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2012

Tilvísun: 2011070016

EBj/BH

Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 03.02.2012.

Efni: Umsögn um 392. og 393. mál um samgönguáætlun 2011 - 2014 og 2011 - 2022.

Með tölvupósti dags. 03.02.2012 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreind erindi. Meðfylgjandi er umsögn Vegagerðarinnar

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.

Umsögn Vegagerðarinnar um drög að samgönguáætlun 2011 – 2014 og 2011 – 2022

Vegagerðin hefur komið að vinnu við gerð samgönguáætlunar með setu vegamálastjóra í samgönguráði, ýmsum textaskrifum í áætluninni, setu í undirbúningshópum, gerð áætlana og val verkefna í áætluninni. Samgönguráð sendi að lokinni vinnu sinni tillögu að samgönguáætlun til innanríkisráðherra sem breytti áætluninni eða gerði hana að sinni eftir atvikum og lagði hana síðan sem tillögu til þingsályktunar fyrir Alþingi. Á síðari stigum vinnu samgönguráðs lá fyrir fjárhagsrammi samgönguáætlunar frá ráðherra. Vegagerðin lítur svo á að umsögnin gildi fyrir báðar þingsályktunartillögurnar.

Á föstu verðlagi eru heildarfjárveitingar til Vegagerðarinnar um 40% af því sem mest hefur verið og fjárveitingar til nýbygginga vegamannvirkja eru um 23% af því sem var í hámarki fjárveitinga, árið 2008. Vegagerðin gerir ekki sérstakar athugasemdir við forgangsroðun einstakra verkefna en hefði gjarnan vilja sjá hærri fjárveitingar til verkefna undir liðnum „Tengivegir, malbik“. Að mati Vegagerðarinnar eru tölur um nýframkvæmdir þó ekki helsta áhyggjuefnið. Með þeim fjárveitingum sem fyrirhugaðar eru til viðhalds vegamannvirkja og þjónustu við vegfarendur er nú svo komið að Vegagerðin er hætt að geta varðveitt eignir sínar í vegakerfinu og lök þjónusta við vegfarendur er farin að ógna öryggi vegfarenda. Fyrirsjáanlegt er að allt áætlunartímabilið eða í 12 ár verði fjárveitingar til viðhalds verulega undir þörf og þar með muni vegakerfinu halda áfram að hraka með þeim afleiðingum að umferðaröryggi mun versna enn frekar og kostnaður við að koma vegakerfinu aftur í viðunandi horf mun einnig hækka enn frekar. Sama gildir um þjónustu við vegfarendur, hún mun allt áætlunartímabilið vera undir viðunandi mörkum og leiða til lakara umferðaröryggis á vegum. Sem dæmi má þar nefna að dregið hefur verið úr snjómokstri og hálkueyðingu sem og úr vegmerkingum með tilheyrandi skerðingu á umferðaröryggi.

Framangreindu til viðbótar vill Vegagerðin koma á framfæri að fjárveitingar til rekstrar ferja og styrks flugs eru ekki í samræmi við þá þjónustu sem Vegagerðinni er ætlað að inna af hendi og ef ekki koma til frekari fjárveitingar verður ekki við því brugðist nema með því að skerða þjónustuna, þ.e. með því að fækka ferðum og/eða fækka stöðum sem þessa þjónustu eiga að fá.

Ef ekki reynist unnt að auka heildarfjármagn til vegamála samkvæmt samgönguáætlun þessari leggur Vegagerðin til að fjármagn verði flutt frá nýbyggingum vegamannvirkja yfir til viðhalds og þjónustu í samræmi við þörf til þess að ekki verði gengið á eignirnar, þ.e. vegamannvirkin, og ekki verði ógnað öryggi vegfarenda að með minnkandi viðhaldi og þjónustu. Varðandi rekstur ferja og styrkt flug verði skorin niður þjónusta í þeim mæli að þjónustan sem veita á verði í samræmi við fjárveitingar.

Varðandi útgjöld til vegamála er enn fremur vísað í kafla 5.5.3 í samgönguáætlun 2011 – 2022 og sérstaklega bent á kaflana um þjónustu og fjárveitingar til hennar á bls. 160 og viðhald vega og fjárveitingar til þess á bls. 164. Enn fremur er vísað til svars innanríkisráðherra á Alþingi við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar alþingismanns um hvemig niðurskurður síðustu ára hefur komið niður á viðhaldi vega, sumarþjónustu, vetrarþjónustu og hver þróun

útgjalda hefur verið í viðhaldsþjónustu Vegagerðarinnar s.l. 10 ár
(<http://www.althingi.is/altext/140/s/0775.html>).

27.02.2012/ HrH/EBj